# Stafir

Höfundur: Silja Kristjánsdóttir




**ÚR KÖRFU TEXTÍLKENNARANS** *Verkefni í textílmennt fyrir 1.–4. bekk*



## Aðferð:

Vafið og hnýtt



## Efni:

✓ Pípuhreinsarar

✓ Garnafgangar



## Áhöld:

✓ Skæri

✓ Javanál



NÁMSGAGNASTOFNUN
www.nams.is

## Vinnulýsing fyrir nemendur

1. Mótið stafi úr einum eða fleiri pípuhreinsurum.
2. Bindið endann á garninu við pípuhreinsarann og byrjið að vefja.




3. Vefjið garninu þétt utan um pípuhreinsarann þar til það þekur hann allan.
4. Notið grófa javanál til að festa lausa enda með því að stinga þeim inn í vafninginn.
5. Mótið stafina aftur þegar þeir eru full vafðir.



## *Til kennara*

Ef fleiri en einum pípuhreinsara er skeytt saman er mikilvægt að vefja endunum þétt þannig að vírinn standi ekki út úr. Sömu aðferð má nota til þess að móta orð eða hluti. Þá er einnig tilvalið að nota perlur sem skraut og þræða þær upp á pípuhreinsarann áður en byrjað er að vefja.